

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1053/2003 frá 19. júní 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar flýtiprófanir ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1128/2003 frá 16. júní 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001 að því er varðar lengingu þess tímabils sem bráðabirgðaráðstafanir gilda ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1139/2003 frá 27. júní 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar vöktunaráætlanir og sérstakt áhættuefni ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2003 frá 10. júlí 2003 um breytingu á I., IV. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og reglugerð (EB) nr. 1326/2001 að því er varðar smitandi heilahrörnun og fóðrun dýra ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1809/2003 frá 15. október 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar reglur um innflutning á lifandi nautgripum og nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðum frá Kostaríku og Nýju-Kaledóníu ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1915/2003 frá 30. október 2003 um breytingu á VII., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar viðskipti með og innflutning á sauðfé og geitum og ráðstafanir í kjölfar þess að smitandi heilahrörnun hefur verið staðfest í nautgripum, sauðfé og geitum ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2245/2003 frá 19. desember 2003 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 152, 20.6.2003, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 160, 28.6.2003, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 160, 28.6.2003, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 6.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 265, 16.10.2003, bls. 10.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 29.

Því er varðar vöktun smitandi heilahrönnunar í sauðfé og geitum ⁽⁸⁾ skal felld inn í samninginn.

- 9) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 876/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar viðskipti með sauðfé og geitur til undaneldis ⁽⁹⁾ skal felld inn í samninginn.
- 10) Með reglugerð (EB) nr. 1234/2003 eru felldar úr gildi ákvörðun ráðsins 2000/766/EB ⁽¹⁰⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/9/EB ⁽¹¹⁾ en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.
- 11) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
 - „– **32003 R 1053**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1053/2003 frá 19. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 152, 20.6.2003, bls. 8),
 - **32003 R 1128**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1128/2003 frá 16. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 160, 28.6.2003, bls. 1),
 - **32003 R 1139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1139/2003 frá 27. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 160, 28.6.2003, bls. 22),
 - **32003 R 1234**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2003 frá 10. júlí 2003 (Stjtíð. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 6),
 - **32003 R 1809**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1809/2003 (Stjtíð. ESB L 265, 16.10.2003, bls. 10),
 - **32003 R 1915**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1915/2003 frá 30. október 2003 (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 29),
 - **32003 R 2245**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2245/2003 frá 19. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 28),
 - **32004 R 0876**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 876/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 52).“
2. Texti aðlögunarliðanna í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 breytist sem hér segir:
 - 2.1 Aðlögunarliðir B og C falli brott.
 - 2.2 Aðlögunarliður D verði aðlögunarliður B.

⁽⁸⁾ Stjtíð. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 28.

⁽⁹⁾ Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 52.

⁽¹⁰⁾ Stjtíð. EB L 306, 7.12.2000, bls. 32.

⁽¹¹⁾ Stjtíð. EB L 2, 5.1.2001, bls. 32.

3. Texti 11. liðar (ákvörðun ráðsins 2000/766/EB) í hluta 7.1 og texti 16. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/9/EB) í hluta 7.2 falli brott.

2. gr.

Norskur texti reglugerða (EB) nr. 1053/2003, 1128/2003, 1139/2003, 1234/2003, 1809/2003, 1915/2003, 2245/2003 og 876/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.